

334. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, mánudaginn 6. október 2025 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri og Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Gróa Dagmar Gunnarsdóttir, fulltrúi skipulags og umhverfismála.

Fyrir tekið:

- 1. 2510009 - Breytingar á gjaldskrá Skipulags- og Umhverfissviðs**
Gjaldskrá Skipulags- og umhverfissviðs lögð fram til kynningar ásamt sundurliðun á raunkostnaði þjónustu.
Skipulags- og umhverfissráð þakkar skipulagsfulltrúa og verkefnastjóra fyrir góða yfirferð og felur sviðsstjóra að vinna málið áfram.
- 2. 2510012 - Gjaldskrá fyrir úrgangsmál - fyrir 2026**
Gjaldskrá fyrir úrgangsmál 2026 lögð fram til kynningar.
Umhverfisstjóri kynnti tillögu að gjaldskrá fyrir úrgangspjónustu heimila. Skipulags- og umhverfissráð þakkar umhverfisstjóra fyrir kynninguna. Skoðað verði hvort eigi að taka upp notkun klippikorta á ný í Gámu.
- 3. 2509165 - Innnesvegur - yfirfærsla veghalds frá Vegagerðinni - Uppgjör**
Drög að uppgjöri við Vegagerðina lagt fram til kynningar.
SKipulags- og umhverfissráð samþykkir fyrirliggjandi uppgjör við Vegagerðina varðandi skil á Innnesvegi.
- 4. 2301245 - Sólmundarhöfði 2 - Árnahús**
Bæjarráð vísaði umsögn stjórnar Höfða varðandi Árnahús til umfjöllunar skipulags- og umhverfissráðs.
Skipulags- og umhverfissráð leggur til að hefja skipulagsferli fyrir stækkun Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis. Ráðið styður stjórn Höfða varðandi stækkun en huga þarf vel að því máli og forgangsraða stækkunarmöguleikum rétt.
Ráðið felur skipulagsfulltrúa að afla nauðsynlegra gagna og upplýsinga varðandi stöðuna á Árnahúsi og hvaða ráðstafanir er hægt að gera.

5. 2509143 - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa - lóð fyrir hraðhleðslustöð

Umsókn til skipulagsfulltrúa frá Instavolt Iceland ehf. Sótt er um úthlutun lóðar/lóðarrýmis til að koma fyrir hraðhleðslustöðvum fyrir rafbíla. Fyrirhugað er að setja upp 2-4 x 160 kW hraðhleðslustöðvar.

Eins staðan er núna eru ekki skilgreindar lóðir í bæjarlandinu fyrir rafhleðslustöðvar fyrir almenning. Skipulags- og umhverfissráð bendir umsækjanda á að kanna valmöguleika á samstarfi við fyrirtækjaeigendur á Akranesi en að öðru leyti fylgjast með ef sveitarfélagið fer í útboð á uppsetningu rafhleðslustöðva.

6. 2509178 - Framkvæmdaleyfi - Sjóvarnargarður í Krókalóni og á Ægisbraut

Umsókn um leyfi til framkvæmda samkvæmt 13. málsgrein skipulagslaga 123/2010 og reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, vegna sjóvarnargarðs í Krókalóni og við norðurenda Ægisbrautar.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja framkvæmdaleyfi vegna sjóvarnargarðs í Krókalóni og við norðurenda Ægisbrautar skv. 13.gr 123/2010 skipulagslaga og 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

7. 2509121 - Erindi vegna samgangna frá Borgarholti á Akranes vegna barns á grunnskólaaldri

Skóla- og frístundaráð vísar málinu til umfjöllunar hjá skipulags- og umhverfissráði og felur sviðsstjóra að svara erindinu í samstarfi við sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs.

Skipulags- og umhverfissráð felur sviðsstjórum skipulags- og umhverfissviðs og skóla- og frístundasviðs frekari vinnslu málsins.

8. 2510007 - Bygging undir talnavél - Smiðjuvellir 9

Lögð er fram kostnaðaráætlun fyrir nýbyggingu talningarvélar.

Skipulags- og umhverfissráð telur mikilvægt að skoða aðra valmöguleika með tilliti til hagkvæmni verkefnisins. Í ljósi þess telur ráðið nauðsynlegt að funda sameiginlega með velferðar- og mannréttindaráði um málið.

9. 2509157 - Framkvæmdaleyfi - Sementsreitir Gatnagerð 2. áf

Umsókn um leyfi til framkvæmda samkvæmt 13. málsgrein skipulagslaga 123/2010 og reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, vegna gatnagerðar í Sementsreit, 2. áfanga.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja framkvæmdaleyfi vegna gatnagerðar í Sementsreit, 2. áfanga, skv. 13.gr 123/2010 skipulagslaga og 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

10. 2502165 - Vesturgata 133 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn um skipulagsbreytingu á Vesturgötu 133. Í breytingu felst stækkun Sólstofu til suðvesturs, hækkun þaks og útlitsbreyting, viðbygging á annari hæð íbúðarhúss á suðausturhlíð. Grenndarkynnt var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 22. ágúst 2025 til 22. september 2025, fyrir lóðarhöfum Vesturgötu 131, 134, 135 og 136.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn Akraness að breytingin verði samþykkt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni fellur á lóðarhafa.

11. 2510011 - Breyting á deiliskipulagi sementsreits - A og B reitur

Lögð fram tillaga að breyttu deiliskipulagi á sementsreit, A og B reit. Breytingar innihalda að reitir B7 og B8 verði sameinaðir í B7, reitir B9 og B10 verði sameinaðir í B9 ásamt lítilsháttar breytingum á lóðarstærðum og byggingarreitum.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt samkvæmt 2. mgr. 43. gr., með vísun í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

12. 2103268 - Deiliskipulag - Höfðasel

Nýtt deiliskipulag Höfðasels byggir á eldra deiliskipulagi undir iðnaðarsvæði. Skilgreindar verða aðkomuleiðir að nýju athafnasvæði í Grjótkelduflóa austan skipulagssvæðisins frá Akrafjallsvegi. Nýjar lóðir eru skilgreindar sem iðnaðarlóðir ásamt lóðum undir helstu veitumannvirki. Skipulagið fellur undir eftirfarandi landnotkunarflokkar svk. Aðalskipulagi Akraness I-314, I-315, I-316. Tillagan hefur verið auglýst samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 08. ágúst 2025 til 19. september 2025.

Athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt ásamt greinagerð skipulagsfulltrúa með lítilsháttar breytingum frá auglýsingu. Deiliskipulagið verði sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku þess birt í B-deild.

13. 2507058 - Breyting á Aðalskipulagi Akranes 2021-2033 - Stækkun I-314

Breytingar á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033, til samræmis við nýtt deiliskipulags Höfðasels. Breytingin inniheldur lítillaga stækkun á svæði I-314 syðst upp að Höfðaselsholti. svæði I-314 er stækkað lítillaga syðst upp að Höfðaselsholti. Breytingin hefur verið auglýst samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. frá 11. ágúst 2025 til og með 22. september 2025. Athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja aðalskipulagsbreytingu vegna Höfðasels, að breytingin verði send Skipulagsstofnun til fullnaðarafgreiðslu skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

14. 2510054 - Framtíð Sund og Fótbolta á Jaðarsbökkum

Umræður um næstu skref eftir vinnufund með stjórn Sundfélags Akraness og Knattspyrnufélags ÍA um framtíð Jaðarsbakka og uppbyggingu.

Skipulags- og umhverfiráðs leggur til að stofnaður verði starfshópur skipaður helstu hagsmunaaðilum verkefnisins. Ráðið felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfiráðs að móta erindisbréf og leggja fyrir ráðið til samþykktar á næsta fundi. Stefnt er að funda sameiginlega um þennan dagskrárlið með fulltrúum skóla- og frístundaráðs og bæjarráði.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:03.